

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Einari Arnórs-syni 15 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag desembermán.

Nr. 55/1911:

Réttvísinn

gegn

Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem skotið er til yfirdómsins af réttvísinnar hálfu, var ákærði, Jón Jónsson Þurrabúðarmaður á Seyðisfirði, dæmdur í aukarétti nefnds kaupstaðar 4. ágúst þ. á. fyrir sífjaspell samkvæmt 163. gr. sbr. 41. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun 5 kr. til talsmanns síns Stefáns Th. Jónssonar konsúls.

Ákærði er fæddur 23. apríl 1878 og kvæntist fyrir nálægt 10 árum Gróu Jónsdóttur ekkju, þá 42 ára gamalli; hafa þau eigi átt börn saman, en dóttir Gróu af fyrra hjónabandi, Ingibjörg Sigurðardóttir, fædd 3. ágúst 1888, hefir lengst af dvalið hjá þeim síðan þau giftust. Það er nú með játningu þeirra ákærða og Ingibjargar

Þessarar löglega sannað, að þau hafi átt saman holdlegt samræði þrisvar sinnum á tímabilinu frá nóvember 1909 til febrúar 1910. Þegar ákærði fyrsta sinni fór fram á það við Ingibjörgu, kveðst hún hafa sagt, að þetta væri eigi rétt, en látið þó að ósk hans, án frekari ummæla, og í síðari skiftin lét hún ákærða ráða, mótmælalaust af hennar hálfu. Þ. 3. sept. f. á. ól Ingibjörg sveinbarn, er hún lýsti ákærða föður að, og kannaðist hann við faðernið.

Sér til málsbóta hefir ákærði talið það, að hann hafi enga hugmynd haft um, að téðar samfarir hans við stjúpdóttur hans væru hegningarverðar eða saknæmari en þó að hann ætti slík mök við aðrar konur, en þó að eigi sé ástæða til að véfengja þennan framburð ákærða, getur eigi sú vanþekking samkvæmt 43. gr. hegningarlaganna losað hann við refsingarábyrgð fyrir brot hans.

Um sakhæfi ákærða er því haldið fram af talsmanni hans við undirréttinn og yfirdóminn, að hann sé bjáni, og er þetta byggt á skýrslum sóknarprests ákærða og héraðslæknisins á Seyðisfirði. En þessar skýrslur sýna að eins það, að ákærði hefir verið seinþroska og að hann er tornæmur, greindarlítill og fákunnandi, en eftir þeirri lýsingu er eigi heimilt að telja hann bjána. Og við réttarprófin virðist framkoma hans eigi hafa verið bjánaleg, en framburður hans þar hiklaus og nægilega skýr. Þegar þess ennfremur er gætt, að ákærði veitir heimili forstöðu og vinnur algenga vinnu á sjó og landi, verður eigi séð, að andlegum þroska hans sé svo áfátt, að það eigi að koma til greina við ákvörðun hegningarinnar.

Framangreint brot ákærða, sem eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, hefir undirdómarinn réttilega

